**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1798** **2019/EES/76/04**

**frá 21. nóvember 2018**

**um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið fyrir viðmiðunarárið 2019** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 frá 21. apríl 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Með reglugerð (EB) nr. 808/2004 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna evrópska hagskýrslugerð um upplýsingasamfélagið.

2) Þörf er á framkvæmdarráðstöfunum til að ákvarða gögnin sem láta á í té til að undirbúa hagskýrslurnar í Einingu 1: „Fyrirtæki og upplýsingasamfélagið“ og í Einingu 2: „Einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélagið“ og til að ákvarða fresti á sendingu þeirra.

3) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Gögnin sem senda á til að taka saman evrópskar hagskýrslur um upplýsingasamfélagið, eins og um getur í 2. mgr. 3. gr. og 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, í Einingu 1: „Fyrirtæki og upplýsingasamfélagið“ og Einingu 2: „Einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélagið“ skulu tilgreind í I. og II. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 296, 22.11.2018, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 49.

*I. VIÐAUKI*

**Eining 1: Fyrirtæki og upplýsingasamfélagið**

**A. Viðfangsefni og skráningaratriði þeirra**

1) Viðfangsefnin sem fjallað verður um varðandi viðmiðunarárið 2019, úr skránni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004, skulu vera eftirfarandi:

a) upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi og notkun þeirra í fyrirtækjum,

b) notkun fyrirtækja á Netinu og öðrum rafrænum netkerfum,

c) rafræn verslun,

d) rafrænir ferlar í viðskiptum og skipulagsþættir,

e) upplýsinga- og fjarskiptatæknihæfni hjá fyrirtækjaeiningunni og þörfin á upplýsinga- og fjarskiptatæknifærni,

f) hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni, Netinu og öðrum rafrænum netkerfum ásamt rafrænum ferlum í verslun og viðskiptum,

g) Öryggi í upplýsinga- og fjarskiptatækni.

2) Safna skal eftirfarandi skráningaratriðum varðandi fyrirtæki:

**a) Upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi og notkun þeirra í fyrirtækjum**

i. fyrir öll fyrirtæki:

— tölvunotkun,

ii. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— (valkvætt) starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem nota tölvur í atvinnuskyni.

**b) Notkun fyrirtækja á Netinu og öðrum rafrænum netkerfum**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— netaðgangur

ii. fyrir fyrirtæki með netaðgang:

— starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem nota tölvur er hafa aðgang að Netinu í atvinnuskyni,

— (valkvætt) notkun forrita fyrir radd- eða myndsímtöl á Netinu í viðskiptaskyni,

— nettenging: allar tegundir fastrar tengingar,

— nettenging: aðgangur að færanlegum búnaði sem gerir kleift að tengjast Netinu um farsíma er notar dreifikerfi farsíma, í atvinnuskyni,

— (valkvætt) eru með vefsetur,

— notkun samfélagsmiðla, ekki aðeins fyrir greiddar auglýsingar,

— notkun á bloggi eða örbloggi fyrirtækja, ekki aðeins fyrir greiddar auglýsingar,

— notkun vefsetra sem miðla margmiðlunarefni, ekki aðeins fyrir greiddar auglýsingar,

— notkun viki-tengdra tækja til þekkingarmiðlunar, ekki aðeins fyrir greiddar auglýsingar,

iii. fyrir fyrirtæki sem hafa einhvers konar tegundir fastrar tengingar að Netinu:

— mældur hámarkshraði niðurhals á hröðustu föstu nettengingu í megabætum á sek: [0,< 2], [2,< 10], [10,< 30], [30,< 100], [> = 100];

iv. fyrir fyrirtæki sem í atvinnuskyni láta starfsfólki sínu í té færanlegan búnað sem gerir því kleift að tengjast Netinu um farsíma með því að nota dreifikerfi farsíma:

— starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem í atvinnuskyni nota færanlegan búnað er fyrirtækið veitir og gerir kleift að tengjast Netinu fyrir milligöngu dreifikerfa farsíma,

v. fyrir fyrirtæki sem eru með vefsetur, upplýsingar um framboð á eftirfarandi þjónustu:

— (valkvætt) lýsing á vörum eða þjónustu, verðlistar,

— (valkvætt) pöntun eða bókun á Netinu,

— (valkvætt) gestum er gert kleift að sérsníða eða sérhanna vörur eða þjónustu á Netinu,

— (valkvætt) fylgni við eða staða innlagðra pantana,

— (valkvætt) efni sem er miðað að þörfum hvers og eins á vefsetrinu fyrir fasta- eða reglulega gesti,

— (valkvætt) tenglar eða vísanir til lýsinga á fyrirtækinu í samfélagsmiðlum,

— (valkvætt) notkun upplýsinga um hegðun gesta á vefsetri fyrirtækisins, svo sem smellur og hvaða hlutir voru skoðaðir, til dæmis í auglýsingaskyni eða til að bæta ánægju viðskiptavina,

vi. fyrir fyrirtæki sem nota samfélagsmiðla (ekki aðeins fyrir greiddar auglýsingar), þar sem vísað er sérstaklega til samfélagsmiðla, bloggs eða örbloggs fyrirtækjanna, vefsetra sem miðla margmiðlunarefni eða viki-tengdra tækja til þekkingarmiðlunar:

— notkun samfélagsmiðla til að þróa ímynd fyrirtækisins eða markaðsvörur, eins og auglýsingar eða til að setja vörur á markað,

— notkun samfélagsmiðla til að fá eða bregðast við áliti viðskiptavina, rýni eða spurningum,

— notkun samfélagsmiðla til að virkja viðskiptavini í þróun eða nýsköpun á vörum eða þjónustu,

— notkun samfélagsmiðla til að eiga samstarf við samstarfsaðila (eins og birgja) eða aðrar stofnanir (eins og opinber yfirvöld eða frjáls félagasamtök),

— notkun samfélagsmiðla til að ráða starfsfólk,

— notkun samfélagsmiðla til að skiptast á skoðunum, áliti eða þekkingu innan fyrirtækisins.

**c) Rafræn verslun**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— viðtaka pantana á vörum og þjónustu sem lagðar hafa verið fram fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita (vefsölur), á fyrra almanaksári,

— viðtaka pantana á vörum og þjónustu, með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum (sala með rafrænum gagnaskiptum), á fyrra almanaksári,

ii. fyrir fyrirtæki sem hafa tekið á móti pöntunum á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita, á fyrra almanaksári:

— virði veltu, sett fram sem raungildi eða hlutfall heildarveltu í rafrænni verslun sem verður til vegna pantana sem tekið var við fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita, á fyrra almanaksári,

— hlutfall veltu frá mótteknum pöntunum fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita, sundurliðuð eftir sölu til einkaneytenda (rafræn samskipti fyrirtækis við neytanda: B2C-samskipti) og sölu til annarra fyrirtækja: (rafræn samskipti fyrirtækis við fyrirtæki: B2B-samskipti) og opinberra yfirvalda: B2G), á fyrra almanaksári,

— viðtaka pantana á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu eigin vefseturs eða smáforrita fyrirtækisins (þ.m.t. þeirra sem tilheyra móðurfélagi eða eignatengdu fyrirtæki eða gestanetum), á fyrra almanaksári,

— viðtaka pantana á vörum eða þjónustu um vefsetur eða smáforrit fyrir rafræna verslun sem mörg fyrirtæki nota til að selja vörur sínar, á fyrra almanaksári,

— hlutfall veltu frá pöntunum sem tekið var á móti fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita, sundurliðað eftir pöntunum sem tekið var á móti fyrir milligöngu eigin vefseturs eða smáforrita fyrirtækisins (þ.m.t. þeirra sem tilheyra móðurfélagi eða eignatengdu fyrirtæki eða gestanetum) og eftir pöntunum sem tekið var á móti fyrir milligöngu rafrænnar verslunar eða smáforrita á markaði á vefsetri þar sem mörg fyrirtæki selja vörur sínar, á fyrra almanaksári,

— viðtaka pantana sem viðskiptavinir gerðu fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita eftir uppruna: innanlands, á fyrra almanaksári,

— viðtaka pantana sem viðskiptavinir gerðu fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita eftir uppruna: önnur aðildarríki, á fyrra almanaksári,

— viðtaka pantana sem viðskiptavinir gerðu fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita eftir uppruna: þriðju lönd, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) hlutfall veltu frá mótteknum pöntunum fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita á fyrra almanaksári, sundurliðað eftir uppruna: innanlands, önnur aðildarríki og þriðju lönd,

iii. fyrir fyrirtæki sem hafa tekið á móti pöntunum á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu boðskipta með rafrænum gagnaskiptum, á fyrra almanaksári:

— virði veltu, sett fram sem raungildi eða hlutfall heildarveltu í rafrænni verslun sem verður til vegna pantana sem tekið var við fyrir milligöngu boðskipta með rafrænum gagnaskipum, á fyrra almanaksári,

— viðtaka pantana sem viðskiptavinir gerðu fyrir milligöngu boðskipta með rafrænum gagnaskiptum eftir uppruna: innanlands, á fyrra almanaksári,

— viðtaka pantana sem viðskiptavinir gerðu fyrir milligöngu boðskipta með rafrænum gagnaskiptum eftir uppruna: önnur aðildarríki, á fyrra almanaksári,

— viðtaka pantana sem viðskiptavinir gerðu fyrir milligöngu boðskipta með rafrænum gagnaskiptum eftir uppruna: þriðju lönd, á fyrra almanaksári,

**d) Rafrænir ferlar í viðskiptum og skipulagsþættir**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— notkun ERP-hugbúnaðarpakka, hugbúnaðar um verðmætaskipulag fyrirtækja (e. *Enterprise Resource Planning*), til að deila upplýsingum milli mismunandi starfssviða,

— notkun hvers konar hugbúnaðar til að vinna með upplýsingar um viðskiptavini (e. *Customer Relationship Management* – hugbúnaðar fyrir stjórnun viðskiptatengsla) til að safna, geyma og gera upplýsingar um viðskiptavini fyrirtækisins aðgengilegar fyrir aðra viðskiptastarfsemi,

— notkun hvers konar hugbúnaðar til að vinna með upplýsingar um viðskiptavini (hugbúnaður fyrir stjórnun viðskiptatengsla) sem gerir mögulegt að greina upplýsingar um viðskiptavini með markaðssetningu í huga,

**e) Hæfni í upplýsinga- og fjarskiptatækni hjá fyrirtækjaeiningu og þörf á upplýsinga- og fjarskiptatæknifærni**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— (valkvætt) ráðning sérfræðinga á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni,

— (valkvætt) hvers konar tegund þjálfunar til að þróa færni sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir sérfræðinga á því sviði, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) hvers konar tegund þjálfunar til að þróa færni sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir aðra starfsmenn, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) ráðning eða tilraun til ráðningar sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) störf í upplýsinga- og fjarskiptatækni innt af hendi (eins og viðhald grunnvirkja í upplýsinga- og fjarskiptatækni, stuðningur við skrifstofuhugbúnað, þróun eða stuðningur við viðskiptastjórnunarhugbúnað eða -kerfi og/eða veflausnir, öryggi og gagnavernd) af hálfu eigin starfsfólks (þ.m.t. þeir sem starfa hjá móðurfélögum eða eignatengdum fyrirtækjum), á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) störf í upplýsinga- og fjarskiptatækni innt af hendi (eins og viðhald grunnvirkja í upplýsinga- og fjarskiptatækni, stuðningur við skrifstofuhugbúnað, þróun eða stuðningur við viðskiptastjórnunarhugbúnað eða -kerfi og/eða veflausnir, öryggi og gagnavernd) af hálfu utanaðkomandi birgja á fyrra almanaksári,

ii. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur og hafa ráðið eða reynt að ráða sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni á fyrra almanaksári:

— (valkvætt) lausar stöður fyrir sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni sem var erfitt að ráða í.

**f) Hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni, Netinu og öðrum rafrænum netkerfum ásamt rafrænum ferlum í verslun og viðskiptum**

i. fyrir fyrirtæki sem taka við pöntunum sem viðskiptavinir gerðu í öðrum aðildarríkjum, fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita, á fyrra almanaksári: upplýsingar um eftirfarandi vanda við að selja til annarra aðildarríkja:

— hár kostnaður við að afhenda eða skila vöru,

— erfiðleikar sem tengjast því að leysa umkvörtunarefni og deilur,

— aðlaga merkingu vara til sölu í öðrum aðildarríkjum,

— þekkingarskortur á erlendum tungumálum til að hafa samband við viðskiptavini í öðrum aðildarríkjum,

— takmarkanir sem viðskiptafélagar fyrirtækisins setja á sölu til tiltekinna aðildarríkja.

**g) Öryggi í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

i. fyrir fyrirtæki með tölvur:

— nota sem öryggisráðstafanir með tilliti til upplýsinga- og fjarskiptatækni: sterk sannvottun með lykilorði,

— nota sem öryggisráðstafanir með tilliti til upplýsinga- og fjarskiptatækni: halda hugbúnaðinum (þ.m.t. stýrikerfum) uppfærðum,

— nota sem öryggisráðstafanir með tilliti til upplýsinga- og fjarskiptatækni: auðkenning notanda og sannvottun fyrir milligöngu líftölfræðilegra aðferða sem fyrirtækið framkvæmir,

— nota sem öryggisráðstafanir með tilliti til upplýsinga- og fjarskiptatækni: dulkóðunartækni fyrir gögn, skjöl og tölvupósta,

— nota sem öryggisráðstafanir með tilliti til upplýsinga- og fjarskiptatækni: öryggisafritun gagna á öðrum stað (þ.m.t. öryggisafritun í skýinu),

— nota sem öryggisráðstafanir með tilliti til upplýsinga- og fjarskiptatækni: stjórnun á netaðgangi (stjórnun á aðgangi búnaðar og notenda að netkerfi fyrirtækisins),

— nota sem öryggisráðstafanir með tilliti til upplýsinga- og fjarskiptatækni: SEN (sýndareinkanet sem framlengir einkanet þvert á almennt net til að auðvelda örugg gagnaskipti yfir almennt net),

— nota sem öryggisráðstafanir með tilliti til upplýsinga- og fjarskiptatækni: varðveita aðgerðaskrár til greiningar eftir öryggisatvik,

— nota sem öryggisráðstafanir með tilliti til upplýsinga- og fjarskiptatækni: áhættumat í upplýsinga- og fjarskiptatækni, þ.e. reglubundið mat á líkum og afleiðingum öryggisatvika í upplýsinga- og fjarskiptatækni,

— nota sem öryggisráðstafanir með tilliti til upplýsinga- og fjarskiptatækni: öryggisprófanir í upplýsinga- og fjarskiptatækni, svo sem gegnþrengingarprófanir, prófun á vákallsbúnaði, skoðun á öryggisráðstöfunum, prófun á öryggisafritunarkerfum,

— gera starfsmönnum grein fyrir skuldbindingum þeirra í þáttum sem varða öryggi í upplýsinga- og fjarskiptatækni með sjálfviljugri þjálfun eða tiltækum upplýsingum innanhúss (eins og upplýsingum á innraneti),

— gera starfsmönnum grein fyrir skuldbindingum þeirra í þáttum sem varða öryggi í upplýsinga- og fjarskiptatækni með skyldubundnum þjálfunarnámskeiðum eða skoðun á skyldubundnu efni,

— gera starfsmönnum grein fyrir skuldbindingum þeirra í þáttum sem varða öryggi í upplýsinga- og fjarskiptatækni í samningi (eins og í ráðningarsamningi),

— starfsemi sem tengist öryggismálum í upplýsinga- og fjarskiptatækni svo sem öryggisprófun, þjálfun í öryggismálum í upplýsinga- og fjarskiptatækni, að leysa öryggisatvik í upplýsinga- og fjarskiptatækni (þó ekki uppfærslur á forpökkuðum hugbúnaði) sem eigin starfsmenn fyrirtækisins framkvæma (þ.m.t. þeir sem starfa hjá móðurfélagi eða eignatengdum fyrirtækjum),

— starfsemi sem tengist öryggismálum í upplýsinga- og fjarskiptatækni svo sem öryggisprófun, þjálfun í öryggismálum í upplýsinga- og fjarskiptatækni (þó ekki uppfærslur á forpökkuðum hugbúnaði) sem utanaðkomandi birgjar framkvæma,

— tiltækileiki skjala um ráðstafanir, venjur eða málsmeðferðir um öryggismál í upplýsinga- og fjarskiptatækni,

— vandi sem takast þurfti á við að minnsta kosti einu sinni á fyrra almanaksári vegna atvika sem tengjast upplýsinga- og fjarskiptatækni: óaðgengileiki þjónustu í upplýsinga- og fjarskiptatækni, til dæmis atlaga að þjónustumiðlun, gagnagíslatökuárásir, bilanir í vélbúnaði eða hugbúnaði en þó ekki vélræn bilun, þjófnaður,

— vandi sem takast þurfti á við að minnsta kosti einu sinni á fyrra almanaksári vegna atvika sem tengjast upplýsinga- og fjarskiptatækni: eyðing eða spilling gagna, til dæmis vegna sýkingar af spillihugbúnaði eða óheimilum átroðningi eða bilana í vélbúnaði eða hugbúnaði,

— vandi sem takast þurfti á við að minnsta kosti einu sinni á fyrra almanaksári vegna atvika sem tengjast upplýsinga- og fjarskiptatækni: birting trúnaðarupplýsinga, til dæmis vegna átroðnings, veftála, vefveiðaárása, aðgerða eigin starfsmanna fyrirtækis (af ásetningi eða án ásetnings),

— tiltækileiki trygginga gegn öryggisatvikum í upplýsinga- og fjarskiptatækni,

ii. hjá fyrirtækjum sem hafa skjöl um ráðstafanir, venjur eða málsmeðferðir um öryggismál í upplýsinga- og fjarskiptatækni:

— (valkvætt) skjal eða skjöl um ráðstafanir, venjur eða málsmeðferðir um öryggismál í upplýsinga- og fjarskiptatækni hjá fyrirtækinu viðvíkjandi: stjórnun aðgangsréttar til að nota upplýsinga- og fjarskiptatækni eins og tölvur, netkerfi,

— (valkvætt) skjal eða skjöl um ráðstafanir, venjur eða málsmeðferðir um öryggismál í upplýsinga- og fjarskiptatækni hjá fyrirtækinu viðvíkjandi: geymslu, vernd, aðgengi eða vinnslu gagna,

— (valkvætt) skjal eða skjöl um ráðstafanir, venjur eða málsmeðferðir um öryggismál í upplýsinga- og fjarskiptatækni hjá fyrirtækinu viðvíkjandi: málsmeðferðarreglum eða reglum til að hindra eða bregðast við öryggisatvikum eins og veftálum, vefveiðaárása og gagnagíslatöku,

— (valkvætt) skjal eða skjöl um ráðstafanir, venjur eða málsmeðferðir um öryggismál í upplýsinga- og fjarskiptatækni hjá fyrirtækinu viðvíkjandi: ábyrgð, réttindum og skyldum einstaklinga sem starfa á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni, eins og notkun tölvupósts, fartækja og samfélagsmiðla,

— (valkvætt) skjal eða skjöl um ráðstafanir, venjur eða málsmeðferðir um öryggismál í upplýsinga- og fjarskiptatækni hjá fyrirtækinu viðvíkjandi: þjálfun starfsmanna í öruggri notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni,

— síðasta skilgreining eða endurskoðun á skjali eða skjölum fyrirtækisins um ráðstafanir, venjur eða málsmeðferðarreglur um öryggismál í upplýsinga- og fjarskiptatækni (eins og áhættumat, mat á öryggisatvikum í upplýsinga- og fjarskiptatækni): á síðustu 12 mánuðum; frá 12 mánuðum til 24 mánaða; fyrir meira en 24 mánuðum.

3) Safna skal eftirfarandi bakgrunnsupplýsingum frá öllum fyrirtækjum eða nálgast þær eftir öðrum leiðum:

— aðalatvinnustarfsemi fyrirtækisins á fyrra almanaksári,

— meðalfjölda starfsmanna á fyrra almanaksári,

— heildarvirði veltu, að undanskildum virðisaukaskatti, á fyrra almanaksári.

**B. Umfang**

Safna skal skráningaratriðum sem tilgreind eru í 2. og 3. lið A-hluta fyrir eftirfarandi flokka fyrirtækja:

1) Atvinnustarfsemi: fyrirtæki sem eru flokkuð samkvæmt eftirfarandi flokkum í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.):

| Flokkur í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk. | Lýsing |
|---|---|
| Bálkur C | Framleiðsla |
| Bálkur D, E | Rafmagns-, gas- og hitaveitur, loftræstikerfi, vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun |
| Bálkur F | Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð |
| Bálkur G | Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum |
| Bálkur H | Flutningar og geymsla |
| I. þáttur | Rekstur gististaða og veitingarekstur |
| Bálkur J | Upplýsingar og fjarskipti |
| Bálkur L | Fasteignaviðskipti |
| Deildir 69–74 | Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi |
| Bálkur N | bálkur N - Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta |
| Flokkur 95.1 | Viðgerðir á tölvum og fjarskiptabúnaði |

2) Stærð fyrirtækis: fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri. Valfrjálst er hvort fjallað er um fyrirtæki með færri en 10 starfsmenn.

3) Landfræðilegt gildissvið: fyrirtæki sem eru staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

### C. Viðmiðunartímabil

Viðmiðunartímabilið er árið 2018 fyrir skráningaratriðin sem vísa til fyrra almanaksárs. Viðmiðunartímabilið er árið 2019 fyrir önnur skráningaratriði.

### D. Sundurliðun gagna

Afhenda á eftirtalin bakgrunnsatriði að því er varðar viðfangsefni og skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið í A-hluta:

1) Sundurliðun eftir atvinnustarfsemi: samkvæmt eftirfarandi samtölum í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.):

| **Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, samtala (NACE, 2. endursk.)**<br>fyrir hugsanlegan útreikning á landsbundnum samtölum |
|---|
| 10 + 11 + 12 + 13 + 14 + 15 + 16 + 17 + 18 |
| 19 + 20 + 21 + 22 + 23 |
| 24 + 25 |
| 26 + 27 + 28 + 29 + 30 + 31 + 32 + 33 |
| 35 + 36 + 37 + 38 + 39 |
| 41 + 42 + 43 |
| 45 + 46 + 47 |
| 47 |
| 49 + 50 + 51 + 52 + 53 |
| 55 |
| 58 + 59 + 60 + 61 + 62 + 63 |
| 68 |
| 69 + 70 + 71 + 72 + 73 + 74 |
| 77 + 78 + 79 + 80 + 81 + 82 |
| 26.1 + 26.2 + 26.3 + 26.4 + 26.8 + 46.5 + 58.2 + 61 + 62 + 63.1 + 95.1 |

| **Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, samtala (NACE, 2. endursk.)**<br>fyrir hugsanlegan útreikning á evrópskum samtölum |
|---|
| 10 + 11 + 12 |
| 13 + 14 + 15 |
| 16 + 17 + 18 |
| 26 |
| 27 + 28 |
| 29 + 30 |
| 31 + 32 + 33 |
| 45 |
| 46 |
| 55 + 56 |
| 58 + 59 + 60 |
| 61 |
| 62 + 63 |
| 77 + 78 + 80 + 81 + 82 |
| 79 |
| 95.1 |

2) sundurliðun eftir stærðarflokkum: sundurliða skal gögn í eftirfarandi stærðarflokka eftir fjölda starfsmanna:

| **Stærðarflokkur** |
|---|
| 10 starfsmenn eða fleiri |
| 10–49 starfsmenn |
| 50–249 starfsmenn |
| 250 starfsmenn eða fleiri |

Afhenda skal sundurliðun á gögnunum í samræmi við eftirfarandi töflu, þegar við á:

| **Stærðarflokkur** |
|---|
| 0–9 starfsmenn (valkvætt) |
| 2–9 starfsmenn (valkvætt) |
| 0–1 starfsmaður (valkvætt) |

**E. Tíðni**

Gögnin sem mælt er fyrir um í þessum viðauka skal leggja fram einu sinni fyrir 2019.

**F. Frestur sem veittur er til að senda niðurstöður**

1) Senda skal samantekin gögn, sem um getur í 6. gr. og 6. mgr. I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) eigi síðar en 5. október 2019, merkt með trúnaðarmerki eða óáreiðanleikamerki þegar nauðsyn krefur. Þann dag skal gagnasafnið vera fullgert, fullgilt og samþykkt.

2) Senda skal lýsigögnin, sem vísað er til í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 31. maí 2019.

3) Senda skal gæðaskýrsluna, sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 5. nóvember 2019.

4) Afhenda skal Hagstofu Evrópusambandsins gögnin og lýsigögnin í samræmi við skiptistaðalinn sem Hagstofa Evrópusambandsins hefur tilgreint, með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu. Afhenda skal lýsigögnin og gæðaskýrsluna á stöðluðu lýsigagnaskipulagi sem Hagstofa Evrópusambandsins hefur skilgreint.

______

*II. VIÐAUKI*

**Eining 2: Einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélagið**

**A. Viðfangsefni og skráningaratriði þeirra**

1) Viðfangsefnin, sem fjallað verður um að því er varðar viðmiðunarárið 2019, eru valin úr skránni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004, og eru eftirfarandi:

a) aðgangur að og notkun einstaklinga og/eða heimila á upplýsinga- og fjarskiptatækni,

b) notkun einstaklinga og/eða heimila á Netinu og öðrum rafrænum kerfum í mismunandi tilgangi,

c) öryggi og traust í upplýsinga- og fjarskiptatækni,

d) hæfni og færni í upplýsinga- og fjarskiptatækni,

e) hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni og Netinu,

f) notkun einstaklinga á upplýsinga- og fjarskiptatækni til að skiptast á upplýsingum og þjónustu við hið opinbera og opinbera stjórnsýslu (rafræn stjórnsýsla),

g) aðgangur að og notkun tækni sem gerir kleift að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki).

2) Safna skal eftirfarandi skráningaratriðum:

**a) Aðgangur að og notkun einstaklinga og/eða heimila á upplýsinga- og fjarskiptatækni**

i. fyrir öll heimili:

— aðgengi að Netinu á heimilinu (með hvaða búnaði sem er),

ii. fyrir heimili með netaðgang:

— nettenging: föst breiðbandstenging,

— nettenging: færanleg breiðbandstenging (um dreifikerfi farsíma sem er að minnsta kosti 3G),

— (valkvætt) nettenging: hringiaðgangur með hefðbundinni símalínu eða ISDN-tengingu,

— (valkvætt) nettenging: færanleg mjóbandstenging (um farsímakerfi sem er undir 3G).

**b) Netnotkun einstaklinga og/eða heimila í mismunandi tilgangi**

i. fyrir alla einstaklinga:

— síðasta netnotkun, einhvers staðar og með hvers konar stýribúnaði: á undanförnum þremur mánuðum, frá þremur mánuðum til eins árs, fyrir meira en ári, hefur aldrei notað Netið,

ii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum þremur mánuðum:

— meðaltíðni netnotkunar á undanförnum þremur mánuðum: daglega eða nær daglega, a.m.k. einu sinni í viku (en ekki daglega), sjaldnar en einu sinni í viku,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að senda og taka á móti tölvupósti,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum fyrir talsímtöl (þ.m.t. myndsímtöl) um Netið,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að taka þátt í samfélagsmiðlum (búa til notendalýsingu, senda inn skilaboð eða með annars konar framlagi),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að nota snarboð (skiptast á skilaboðum),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að lesa fréttir, dagblöð eða fréttatímarit á Netinu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að leita upplýsinga er varða heilsu (eins og um áverka, sjúkdóma, næringu, það að bæta heilsuna),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að afla upplýsinga um vörur eða þjónustu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að segja álit sitt á borgaralegum eða pólitískum málefnum á vefsetrum (eins og bloggi, samfélagsmiðlum),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að taka þátt í samráði á netinu eða atkvæðagreiðslu um borgaraleg eða stjórnmálatengd málefni (um málefni eins og borgarskipulag, að skrifa undir undirskriftasöfnun),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að leita að atvinnu eða til að senda atvinnuumsókn,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að hala upp eigið efni (eins og texta, myndir, tónlist, myndbönd, hugbúnað) til að deila á vefsetri,

— (valkvætt) Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að hlusta á tónlist (eins og vefútvarp, tónlistarstreymi),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að selja vörur eða þjónustu (t.d. með uppboðum),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til bankaviðskipta á Netinu,

— (valkvætt) gagnvirkni á síðustu þremur mánuðum fyrir milligöngu Netsins með heimilisbúnaði eða tækjum (eins og hitastilli, ljósaperu, vélryksugu eða öryggiskerfi),

— notkun á geymslusvæði á Netinu (skýjavinnslu) í eigin þágu á undanförum þremur mánuðum til að vista gögn, myndir, tónlist, myndbönd eða aðrar skrár,

— Netið notað á undanförnum þremur mánuðum til að stunda nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu, með því að sækja námskeið á Netinu,

— Netið notað á undanförnum þremur mánuðum til að stunda nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu, með því að nota annað kennsluefni af Netinu en það sem telst til fullra netnámskeiða,

— Netið notað á undanförnum þremur mánuðum til að stunda nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu, með því að eiga samskipti við leiðbeinendur eða nemendur á vefsetrum eða vefgáttum ætluðum til náms,

— (valkvætt) Netið notað á undanförnum þremur mánuðum til að stunda annað nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu,

— notkun vefseturs eða smáforrits á undanförnum 12 mánuðum til að panta gistingu (eins og herbergi, íbúð, hús, orlofshús) frá öðrum einstaklingi: frá sérstökum vefsetrum eða smáforritum, frá öðrum vefsetrum eða smáforritum (þ.m.t. samfélagsmiðlum), ekki notað,

— notkun vefseturs eða smáforrits á undanförnum 12 mánuðum til að panta flutningaþjónustu (eins og með bifreið) frá öðrum einstaklingi: frá sérstökum vefsetrum eða smáforritum sem gegna aðeins hlutverki milliliðar við að panta flutningaþjónustu eða smáforrita, frá öðrum vefsetrum eða smáforritum (þ.m.t. samfélagsmiðlum), ekki notað,

— notkun vefsetra eða smáforrita sem gegna hlutverki milliliða við að fá launaða vinnu (þó ekki vefsetur vinnumiðlana) á undanförnum 12 mánuðum: sem megintekjulind, viðbótartekjulind, ekki notað,

— Netið notað (að undanskildum tölvupósti) á undanförnum þremur mánuðum til að kaupa eða endurnýja fyrirliggjandi vátryggingarsamninga, þ.m.t. þá sem boðið er upp á sem hluta af pakka með annarri þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað (að undanskildum tölvupósti) á undanförnum þremur mánuðum til að taka lán eða veðlán eða gera ráðstafanir til að fá lán í bönkum eða öðrum fjármagnsveitendum í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað (að undanskildum tölvupósti) á undanförnum þremur mánuðum til að kaupa eða selja hlutabréf, skuldabréf, fjármagn eða aðra fjárfestingarþjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

iii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið daglega eða nánast daglega á undanförnum þremur mánuðum:

— Netið notað oft á dag,

iv. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— síðustu kaup eða pöntun á vöru eða þjónustu um Netið (með því að nota vefsetur eða smáforrit, að undanskildum pöntunum með handfærðum tölvupóstsamskiptum, smáskilaboðum eða myndskilaboðum) í eigin þágu með hvers konar búnaði: á undanförnum þremur mánuðum, þremur mánuðum til eins árs, fyrir meira en einu ári, hefur aldrei keypt eða pantað neitt á Netinu,

v. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið til netviðskipta (kaupa eða panta vörur eða þjónustu) á undanförnum þremur mánuðum:

— fjöldi skipta þegar vörur eða þjónusta í eigin þágu var keypt eða pöntuð á Netinu á undanförnum þremur mánuðum: fjöldi skipta eða í flokkunum: 1 til 2 skipti, milli 3 og 5 skipti, milli 6 og 10 skipti, oftar en 10 skipti,

— heildarvirði vöru eða þjónustu (að undanskildum hlutabréfum eða annarri fjármálaþjónustu) sem er keypt eða pöntuð í eigin þágu á Netinu á undanförnum þremur mánuðum: fjárhæð í evrum eða í flokkunum: minna en 50 evrur, frá 50 evrum til minna en 100 evra, frá 100 evrum til minna en 500 evra, frá 500 evrum til minna en 1 000 evra, 1 000 evrur eða meira, óþekkt,

vi. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið til netviðskipta (til að kaupa eða panta vörur eða þjónustu) á undanförnum 12 mánuðum:

— Netið notað til að kaupa eða panta matvæli eða matvörur í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta muni til heimilisnota (eins og húsgögn, leikföng en að undanskildum sjónvarps-, útvarps- og hljómtækjum og skyldum búnaði) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta lyf í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta fatnað eða íþróttavörur í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta tölvuvélbúnað í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta rafeindabúnað (þ.m.t. myndavélar) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta fjarskiptaþjónustu (eins og sjónvarp, breiðbandsáskriftir, fastlínu- eða farsíma-áskriftir, upphal fjármuna á fyrirframgreidd símakort) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta orlofsdvalarstað (eins og hótel) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta aðra ferðatilhögun (eins og farseðla, bílaleigu) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta aðgöngumiða á viðburði í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta kvikmyndir eða tónlist í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta bækur, tímarit eða dagblöð í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta rafrænt námsefni í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta skjáleikshugbúnað, annan tölvuhugbúnað og hugbúnaðaruppfærslur í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta aðrar vörur eða þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta vörur eða þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum eftir uppruna: innlendir seljendur,

— Netið notað til að kaupa eða panta vörur eða þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum eftir uppruna: seljendur frá öðrum aðildarríkjum,

— Netið notað til að kaupa eða panta vörur eða þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum eftir uppruna: seljendur frá þriðju löndum,

— Netið notað til að kaupa eða panta vörur eða þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum eftir uppruna: upprunaland seljanda er óþekkt,

vii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið til netviðskipta (kaupa eða panta vörur eða þjónustu) á undanförnum 12 mánuðum, til að kaupa eða panta kvikmyndir, tónlist, bækur, tímarit, dagblöð, skjáleikshugbúnað, annan tölvuhugbúnað og uppfærslur tölvuhugbúnaðar:

— halað niður eða fenginn aðgangur að kvikmyndum eða tónlist frá vefsetrum eða smáforritum á undanförnum 12 mánuðum, í eigin þágu,

— halað niður eða fenginn aðgangur að rafbókum frá vefsetrum eða smáforritum á undanförnum 12 mánuðum, í eigin þágu,

— halað niður eða fenginn aðgangur að raftímaritum eða rafdagblöðum frá vefsetrum eða smáforritum á undanförnum 12 mánuðum, í eigin þágu,

— tölvuhugbúnaður (þ.m.t. tölvur og skjáleikir og hugbúnaðaruppfærslur) sem er halað niður eða fenginn aðgangur að frá vefsetrum eða smáforritum á undanförnum 12 mánuðum, í eigin þágu,

— (valkvætt) kvikmyndir, tónlist, rafbækur, raftímarit, rafdagblöð eða tölvuhugbúnaður sem ekki er niðurhalað eða fenginn aðgangur að á Netinu á síðustu 12 mánuðum, í eigin þágu.

**c) Öryggi og traust í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

i. fyrir heimili sem eru ekki með aðgang að Netinu, ástæða þess að hafa ekki slíkan aðgang:

— áhyggjur af friðhelgi eða öryggi einkalífs,

ii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— vandi sem tengist öryggismálum og stafar af notkun Netsins í eigin þágu á síðustu 12 mánuðum: sviksamleg notkun á kredit- eða debetkorti,

— vandi sem tengist öryggismálum og stafar af notkun Netsins í eigin þágu á síðustu 12 mánuðum: skjöl, myndir eða önnur gögn hafa glatast vegna veiru eða annarrar sýkingar (eins og tölvuorma eða Trójuhesta),

— vandi sem tengist öryggismálum og stafar af notkun Netsins í eigin þágu á síðustu 12 mánuðum: misnotkun á persónuupplýsingum sem tiltækar eru á Netinu og leiða t.d. til mismununar, áreitni, eineltis,

— vandi sem tengist öryggismálum og stafar af notkun Netsins í eigin þágu á síðustu 12 mánuðum: brotist er inn í samfélagsmiðils- eða tölvupóstsreikning viðkomandi og innihaldið er birt eða sent án samþykkis hans,

— vandi sem tengist öryggismálum og stafar af notkun Netsins í eigin þágu á síðustu 12 mánuðum: þjófnaður auðkenna á Netinu (einhver stelur persónuupplýsingum svaranda og kemur síðan fram í nafni hans, eins og að kaupa í nafni svaranda),

— vandi sem tengist öryggismálum og stafar af notkun Netsins í eigin þágu á síðustu 12 mánuðum: tekur á móti sviksamlegum skilaboðum („vefveiðar"),

— vandi sem tengist öryggismálum og stafar af notkun Netsins í eigin þágu á síðustu 12 mánuðum: verið beint á fölsk vefsetur þar sem óskað er eftir persónuupplýsingum („veftál"),

— (valkvætt) vandi sem tengist öryggismálum og stafar af notkun Netsins í eigin þágu á síðustu 12 mánuðum: börn heimsækja óviðeigandi vefsetur,

— öryggissjónarmið eins og takmörkun eða hindrun á pöntunum eða kaupum á vörum eða þjónustu í eigin þágu fyrir milligöngu Netsins á síðustu 12 mánuðum,

— öryggissjónarmið sem takmarkar eða hindrar bankaviðskipti á Netinu í eigin þágu fyrir milligöngu Netsins á síðustu 12 mánuðum,

— öryggissjónarmið sem takmarkar eða hindrar að gefa upp persónuupplýsingar til félagslegrar eða faglegrar netþjónustu í eigin þágu fyrir milligöngu Netsins á síðustu 12 mánuðum,

— öryggissjónarmið sem takmarkar eða hindrar samskipti við opinbera þjónustuaðila eða stjórnsýslu í eigin þágu fyrir milligöngu Netsins á síðustu 12 mánuðum,

— öryggissjónarmið sem takmarkar eða hindrar niðurhal á hugbúnaði eða smáforritum, tónlist, myndskrám, leikjum eða öðrum gagnaskrám í eigin þágu fyrir milligöngu Netsins á síðustu 12 mánuðum,

— öryggissjónarmið sem takmarkar eða hindrar notkun Netsins fyrir milligöngu almennrar WiFi-tengingar (þráðlauss staðarnets) í eigin þágu fyrir milligöngu Netsins á síðustu 12 mánuðum,

— (valkvætt) öryggissjónarmið eins og takmörkun eða hindrun á annarri starfsemi í eigin þágu fyrir milligöngu Netsins á síðustu 12 mánuðum,

— taka afrit af eigin skrám (eins og skjölum, myndum) á utanáliggjandi geymslubúnað eða á geymslusvæði á Netinu (skýjaþjónustu) í eigin þágu: afrit af skrám sem tekin eru sjálfkrafa eða handvirkt; afrit eru ekki tekin af skrám; svarandi veit ekki,

iii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið en ekki til netviðskipta (kaupa eða panta vörur eða þjónustu) á undanförnum 12 mánuðum, hindranir á netviðskiptum:

— áhyggjur af greiðsluöryggi eða friðhelgi einkalífs (eins og að gefa upp kreditkortaupplýsingar eða persónu-upplýsingar á Netinu),

iv. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum og orðið fyrir barðinu á þjófnaði auðkenna á Netinu, tekið við sviksamlegum skilaboðum eða verið sendur áfram til falskra vefsetra þar sem óskað er eftir persónu-upplýsingum fyrir milligöngu Netsins í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum:

— fjárhagstjón sem orðið var fyrir á undanförnum 12 mánuðum sem hlaust af þjófnaði auðkenna, viðtöku sviksamlegra skilaboða eða áframsendingu til falskra vefsetra,

v. fyrir einstaklinga sem hafa ekki lagt fram útfyllt rafræn eyðublöð í eigin þágu á vefsetri eða í smáforritum opinberra yfirvalda á undanförnum 12 mánuðum þó að þeir hafi þurft að leggja fram opinber eyðublöð, ástæður fyrir því að leggja þau ekki fram:

— áhyggjur af vernd og öryggi persónuupplýsinga á undanförnum 12 mánuðum.

**d) Hæfni og færni í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum, færni í að:

— flytja skrár milli tölva og annars búnaðar,

— setja upp hugbúnað eða forrit (smáforrit),

— breyta stillingum hugbúnaðar, þ.m.t. stýrikerfa eða öryggisforrita,

— taka afrit af eða færa til skrár eða möppur,

— að nota ritvinnsluhugbúnað,

— búa til kynningar eða skjöl með texta, myndum, töflum eða línuritum,

— nota töflureiknishugbúnað,

— breyta myndum, myndböndum eða hljóðskrám með hugbúnaði,

— skrifa kóða á forritunarmáli,

ii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið og töflureiknishugbúnað á undanförnum 12 mánuðum, færni í að:

— nota sérhæfðar aðgerðir í töflureiknishugbúnaði sem gera kleift að skipuleggja og greina gögn, eins og að flokka, sía, nota reiknireglur og búa til línurit,

**e) Hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni og Netinu**

i. fyrir heimili sem eru ekki með aðgang að Netinu, ástæða þess að ekki er slíkur aðgangur:

— þau hafa aðgang að Netinu annars staðar,

— hafa ekki þörf fyrir Netið, t.d. þar sem það er ekki gagnlegt eða er ekki áhugavert,

— kostnaður við búnaðinn er of hár,

— aðgangskostnaður er of hár (t.d. síma- eða DSL-tengitækniáskrift),

— færni ekki fyrir hendi,

— breiðbandstenging er ekki tiltæk á svæðinu,

— ástæða eða ástæður af öðrum toga,

ii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið til netviðskipta (kaupa eða panta vörur eða þjónustu) á undanförnum 12 mánuðum, vandamál sem hafa komið upp í netviðskiptum:

— bilun í tæknibúnaði vefseturs við pöntun eða greiðslu,

— vandkvæði við að finna upplýsingar um ábyrgðir og annan lagalegan rétt,

— afhending tekur lengri tíma en tilgreint var,

— endanlegur kostnaður er hærri en tilgreint var (eins og hærri afhendingarkostnaður, óvænt millifærslugjald),

— rangar eða skemmdar vörur eru afhentar,

— vandkvæði sem komu til vegna svika (eins og engin vara eða þjónusta hefur verið móttekin, misnotkun á kreditkortaupplýsingum),

— erfiðleikar varðandi kvartanir og úrbætur eða viðunandi svör við kvörtunum fást ekki,

— erlendur smásali sem selur ekki til heimalands svaranda,

— vandkvæði voru af öðrum toga,

— engin vandkvæði komu upp,

iii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið en ekki til netviðskipta (kaupa eða panta vörur eða þjónustu til eigin nota) á undanförnum 12 mánuðum, hindranir á netviðskiptum:

— kjósa að gera innkaup sjálfir og/eða vilja sjá vöruna, tryggð við verslanir, vanafesta,

— skortur á færni eða þekkingu (eins og skortur á þekkingu á því hvernig skal nota vefsetur, notkun var of flókin),

— vandi við afhendingu vara sem pantaðar voru á Netinu (til dæmis að það tekur of langan tíma, sendingin er erfiðleikum háð),

— áhyggjur vegna móttöku eða endursendingar vöru, áhyggjur varðandi kvartanir eða úrlausn mála,

— greiðslukort sem hægt er að greiða með á Netinu er ekki fyrir hendi,

— (valkvætt) erlendur smásali sem selur ekki til heimalands svaranda,

— (valkvætt) einhver annar keypti eða pantaði vörur eða þjónustu fyrir hönd svaranda,

— aðrar hindranir á netviðskiptum.

**f) Notkun einstaklinga á upplýsinga- og fjarskiptatækni til að skiptast á upplýsingum og þjónustu við hið opinbera og opinbera stjórnsýslu (rafræn stjórnsýsla)**

i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum til að afla upplýsinga af vefsetrum eða smáforritum opinberra yfirvalda eða opinberra þjónustuaðila (undanskilja ætti tölvupóstssamskipti sem eru færð inn handvirkt),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum til að niðurhala eða prenta opinber eyðublöð af vefsetrum opinberra yfirvalda eða opinberra þjónustuaðila (undanskilja ætti tölvupóstssamskipti sem eru færð inn handvirkt),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum til að skila inn útfylltum eyðublöðum á rafrænan hátt til opinberra yfirvalda eða opinberra þjónustuaðila (undanskilja ætti tölvupóstssamskipti sem eru færð inn handvirkt),

ii. fyrir einstaklinga sem hafa ekki lagt fram útfyllt rafræn eyðublöð í eigin þágu á vefsetri eða í smáforritum opinberra yfirvalda á undanförnum 12 mánuðum:

— hafa ekki lagt fram útfyllt eyðublöð vegna þess að ekki var nauðsynlegt að leggja fram opinber eyðublöð í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

iii. fyrir einstaklinga sem hafa ekki lagt fram útfyllt rafræn eyðublöð í eigin þágu á vefsetri eða í smáforritum opinberra yfirvalda á undanförnum 12 mánuðum þó að nauðsynlegt hafi verið að leggja fram opinber eyðublöð, ástæður fyrir því að leggja þau ekki fram:

— engin slík þjónusta á Netinu var tiltæk,

— skortur á færni eða þekkingu (viðkomandi aðilar vissu t.d. ekki hvernig nota skyldi vefsetur eða of flókið var að nota það),

— annar aðili sendi inn útfyllt eyðublöð á Netinu fyrir hönd svaranda (eins og ráðgjafi, skattaráðgjafi, skyldmenni eða aðstandandi),

— aðrar ástæður fyrir því að senda ekki útfyllt eyðublöð á Netinu til opinberra yfirvalda.

**g) Aðgangur að og notkun á tækni sem gerir kleift að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki)**

i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum þremur mánuðum:

— notkun farsíma eða snjallsíma til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum þremur mánuðum,

— notkun fartölvu til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum þremur mánuðum,

— notkun spjaldtölvu til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum þremur mánuðum,

— notkun annarra fartækja (eins og margmiðlunar- eða leikjaspilara, lestölva eða snjallúra) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar, á undanförnum þremur mánuðum,

— engin fartæki voru notuð til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum þremur mánuðum,

**B. Umfang**

1) Hagskýrslueiningarnar fyrir skráningaratriðin sem skráð eru í 2. lið A-hluta þessa viðauka og varða heimili eru heimili þar sem a.m.k. einn aðili er í aldurshópnum 16–74 ára.

2) Hagskýrslueiningarnar fyrir skráningaratriðin sem skráð eru í 2. lið A-hluta þessa viðauka og varða einstaklinga eru einstaklingar á aldrinum 16–74 ára.

3) Landfræðilegt gildissvið samanstendur af heimilum eða einstaklingum, eða hvoru tveggja, sem búa einhvers staðar á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis.

**C. Viðmiðunartímabil**

Aðalviðmiðunartímabilið fyrir söfnun hagskýrslna er fyrsti ársfjórðungur 2019.

**D. Félagsleg og hagræn bakgrunnsatriði**

1) Safna á eftirtöldum bakgrunnsatriðum varðandi viðfangsefnin og þau skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið A-hluta þessa viðauka er varða heimili:

a) búsetusvæði, tilgreint samkvæmt flokkun svæða í flokkun hagskýrslusvæða 1 (NUTS1),

b) (valkvætt) búsetusvæði, tilgreint samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða 2 (NUTS2),

c) landfræðileg staðsetning, þ.e. hvort búið sé á landsvæði sem er á eftir í þróun, á svæði í umbreytingarferli eða á þróaðra landsvæði,

d) stig þéttbýlismyndunar, þ.e. hvort búið sé á þéttbýlu svæði, á meðalþéttbýlu svæði eða á strjálbýlu svæði,

e) gerð heimilis, tilgreinið fjölda heimilismanna: (valkvætt) fjöldi heimilismanna á aldrinum 16–24 ára, (valkvætt) fjöldi nema á aldrinum 16–24, (valkvætt) fjöldi einstaklinga á aldrinum 25–64 ára, (valkvætt) fjöldi einstaklinga 65 ára eða eldri og, þessu skal safna sérstaklega, fjöldi barna undir 16 ára aldri, (valkvætt) fjöldi barna á aldrinum 14 til 15 ára, (valkvætt) fjöldi barna á aldrinum 5 til 13 ára, (valkvætt) fjöldi barna 4 ára eða yngri,

f) (valkvætt) mánaðarlegar hreinar tekjur heimilis, sem taka skal saman sem gildi eða í stærðarflokkum sem eru samrým-anlegir tekjufjórðungum,

g) (valkvætt) jafngildar mánaðarlegar hreinar heildartekjur heimilis, gefnar upp í fimmtungsmörkum.

2) Safna á eftirtöldum bakgrunnsatriðum varðandi viðfangsefnin og þau skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið í A-hluta þessa viðauka og tengjast einstaklingum:

a) kyn,

b) fæðingarland, tilgreina skal hvort einstaklingurinn er innfæddur eða fæddur utanlands, í síðara tilvikinu skal einnig tilgreina hvort einstaklingurinn er fæddur í öðru aðildarríki eða í landi utan Sambandsins,

c) ríkisfangsland þar sem tilgreint er hvort einstaklingurinn er ríkisborgari eða ekki; í síðara tilvikinu þarf einnig að taka fram hvort einstaklingurinn er ríkisborgari annars aðildarríkis eða þriðja lands,

d) aldur í heilum árum; (valkvætt) yngri en 16 ára eða eldri en 74 ára eða hvoru tveggja,

e) menntunarstig, tilgreina skal hæsta stig menntunar sem lokið er með árangursríkum hætti samkvæmt Alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED 2011), hvort sem það er á lægsta framhaldsskólastigi (ISCED 0, 1 eða 2), eða efra framhaldsskólastigi og viðbótarstigi háskólastigs (ISCED 3 eða 4), eða háskólastigi (ISCED 5, 6, 7 eða 8), eða minna en barnaskólamenntun (ISCED 0), eða barnaskólamenntun (ISCED 1), eða á unglingastigi (ISCED 2), eða framhaldsskólamenntun (ISCED 3), eða viðbótarmenntun eftir framhaldsskóla (ISCED 4), eða fyrrihlutanám á háskólastigi (ISCED 5), eða á bakkalársstigi (BA/BS-próf) eða sambærilegu (ISCED 6), eða meistarastigi eða sambærilegu (ISCED 7), doktorsstigi eða sambærilegu (ISCED 8),

f) atvinnustaða, tilgreina skal hvort einstaklingurinn er starfsmaður eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu (valkvætt: starfsmaður eða sjálfstætt starfandi í fullu starfi, starfsmaður eða sjálfstætt starfandi í hlutastarfi, starfsmaður, starfsmaður í föstu starfi eða með ótilgreindan ráðningartíma, starfsmaður í tímabundnu starfi eða með starfssamning í takmarkaðan tíma, sjálfstætt starfandi þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu),

g) (valkvætt) tilgreinið atvinnuveg á vinnumarkaði:

| Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., bálkar | Lýsing |
|---|---|
| A | Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar |
| B, C, D og E | Framleiðsla, námugröftur, vinnsla hráefna úr jörðu og aðrar atvinnugreinar |
| F | Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð |
| G, H og I | Heild- og smásöluverslun, flutningur, rekstur gististaða og veitingarekstur |
| J | Upplýsingar og samskipti |
| K | Fjármála- og vátryggingastarfsemi |
| L | Fasteignaviðskipti |
| M og N | Viðskiptaþjónusta |
| O, P og Q | Opinber stjórnsýsla, varnarmál, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta |
| R, S, T og U | Önnur þjónustustarfsemi |

h) atvinnustaða, tilgreina skal hvort einstaklingur er atvinnulaus eða háskólanemi sem er ekki á vinnumarkaði eða annar einstaklingur sem á annan hátt er ekki á vinnumarkaði, þar sem valkvætt er að tilgreina hvort einstaklingur er á eftirlaunum eða snemmteknum eftirlaunum eða er hættur atvinnustarfsemi, varanlega fatlaður, í skyldubundinni herþjónustu eða samfélagsþjónustu, heimavinnandi eða utan vinnumarkaðar af annarri ástæðu,

i. starfsgrein samkvæmt alþjóðlegu starfaflokkuninni (ISCO-08), tilgreina skal hvort einstaklingur er flokkaður sem verkamaður, ekki verkamaður, starfsfólk í upplýsinga- og fjarskiptatækni, starfsfólk sem vinnur ekki í upplýsinga- og fjarskiptatækni, og valkvætt, allar starfsgreinar samkvæmt alþjóðlegu starfaflokkuninni (ISCO-08), kóðaðar í tveggja tölustafa þrepi.

**E. Tíðni**

Gögnin sem mælt er fyrir um í þessum viðauka skal leggja fram einu sinni fyrir 2019.

**F. Frestur sem veittur er til að senda niðurstöður**

1) Senda skal stakar gagnaskrár til Hagstofu Evrópusambandsins eigi síðar en 5. október 2019, þegar bein auðkenning viðkomandi hagskýrslueininga, sem um getur í 6. gr. og 6. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004, er ekki möguleg. Þann dag skal gagnasafnið vera fullgert, fullgilt og samþykkt.

2) Senda skal lýsigögnin, sem vísað er til í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins eigi síðar en föstudagur, 31. maí 2019.

3) Senda skal gæðaskýrsluna, sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 5. nóvember 2019.

4) Afhenda skal Hagstofu Evrópusambandsins gögnin og lýsigögnin í samræmi við skiptistaðalinn sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreindi, með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu. Afhenda skal lýsigögnin og gæðaskýrsluna á stöðluðu lýsigagnaskipulagi sem Hagstofa Evrópusambandsins hefur skilgreint.